

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 8. nóvember var ellefti stjórnarfundur ársins 2022 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstur fyrstu 9 mánuði ársins
3. Bálstofumál
4. Málefni ÚK
5. Vinnustaðagreining
6. Vetrarfundur stjórnar
7. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri kynnti rekstur fyrstu 9 mánuði ársins. Rekstur gengur þokkalega.
3. Kynnt var staða bálstofu.
4. Málefni útfararstofu Kirkjugarðanna og ákveðið að ræða þau frekar á næsta fundi.
5. Framkvæmdastjóri fór yfir vinnustaðagreiningu sem var framkvæmd í september af MMR og Maskínu. Almennt er góður starfsandi en einnir eru tækifæri til úrbóta sem unnið verður að í vetur.
6. Rætt var um vetrarfund stjórnar í nóvember. Framkvæmdastjóra var falið að boða og undirbúa fundinn sem fyrirhugaður er 14. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.